

LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 10. janúar 2023.

Mál nr. 25/2023:

Héraðssaksóknari

(Karl Ingi Vilbergsson saksóknari)

gegn

X

(Snorri Sturluson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem X var gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómaramirnir Eiríkur Jónsson, Hervör Þorvaldsdóttir og Þorgeir Ingi Njálsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 6. janúar 2023, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. janúar 2023 í málinu nr. R-[...]/2022 þar sem varnaraðila var gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til föstudagsins 20. janúar 2023 klukkan 16. Kæruheimild er í 1-lið 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.
- Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Niðurstaða

- Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. janúar 2023

Mál þetta var þingfest og tekið til úrskurðar 3. janúar 2023.

Sóknaraðili er Héraðssaksóknari.

Varnaraðili er X, kt. [...].

Dómkröfur

Þess er krafist að X, kt. [...], sæti áframhaldandi gæsluvarðhaldi með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, til föstudagsins 20. janúar 2023, kl. 16:00.

Málsatvik

Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú tilraun til manndráps eða eftir atvikum stórfellda líkamsárás af hálfu X gegn A utandyra við [...] að [...] í Reykjavík aðfaranótt laugardagsins 29. október sl.

Lögreglu barst tilkynning um að maður hefði dottið niður stiga að [...] og fór lögregla á vettvang ásamt sjúkraflutningamönnum. [...] er á annari hæð hússins og liggur stigi upp að staðnum á hægri hlið hússins þegar horft er framan á það. Kalt var í veðri og fín íshula á götu og tröppum. Þegar lögregla kom á staðinn lá hinn slasaði, A, meðvitundarlaus fyrir neðan stigann. Hann var með áberandi skurð á höfði sem blæddi úr. Hann var með sterkan púls en andaði óreglulega. Sjúkraflutningamenn fluttu hann á slysadeild til aðhlyningar. Þeir aðilar sem voru á vettvangi voru mikið ölváðir. Litlar upplýsingar var að fá annað en að A hefði sennilega dottið niður tröppurnar. Eitt vitni á vettvangi skýrði frá því að hún hefði heyrt hróp og þegar henni var litið niður tröppurnar sá hún A renna niður tröppurnar og sá þegar hann lenti með höfuðið á undan á malbikinu fyrir neðan.

Við skoðun á öryggismyndavélum við [...] kom í ljós að brotaþola hafði verið sparkað niður tröppurnar. Eftir að hafa rætt við rekstraraðila staðarins og skoðað upptökur frá kvöldinu var talið líklegt að gerandi væri X en rekstaraðili staðarins kannast við X af upptökunum. Var X handtekinn á heimili sínu seinnipart 29. október 2022 og tekin skýrsla af honum þann sama dag. X sagðist ekki hafa neinar minningar um umrætt kvöld eða í raun dagana þar á undan ef út í það væri farið. Hann væri [...] og þessar fréttir og sú staða sem hann væri í hefðu áhrif á minni hans. X var sýnd upptaka frá öryggismyndavélum [...], þar sem sést hvar brotaþola er sparkað niður tröppurnar frá anddyri staðarins. Á myndskaiðinu eru auk brotaþola þrjár konur og karlmaður sem talið er að sé X. X kannaðist við sjálfan sig á upptökunni í upphafi en sagðist síðan ekki þekkja sjálfan sig þegar á leið. Önnur skýrsla var tekin af kærða þann 3. nóvember sl. en fram kom að hann vildi ekki bæta neinu við fyrri framburð en hann hafi engar minningar frá þessu kvöldi. Þá heimilaði hann lögreglu hvorki að skoða símann sinn né að heimila afléttingu bankaleyndar á bankareikningi. Föstudaginn 4. nóvember heimilaði héraðsdómur Reykjavíkur lögreglu að fá aðgang að bankagögnum kærða og fjarskiptagögnum með úrskurðum í málum R-[...]/2022 og R-[...]-2022. Mánudaginn 8. nóvember sl. úrskurðaði héraðsdómur Reykjavíkur í máli R-[...]/2022 að lögreglu væri heimilt að skoða farsíma kærða.

Teknar hafa verið skýrslur af vitnum. Skýrsla var tekin af vitninu B sem var stödd uppi á stigapallinum þegar umrætt atvik átti sér stað. Kvaðst hún ekki hafa séð þegar brotaþola var sparkað niður tröppurnar. Myndbandið af árásinni var borið undir hana og kvaðst hún þekkja sjálfa sig og kærða á myndbandinu. Að sögn B er kærði X maðurinn á myndbandinu sem sparkar brotaþola. Rætt var við vitnið C sem var einnig stödd á stigapallinum. Greindi hún frá því að hún hafi ekki séð þegar brotaþola var sparkað niður tröppurnar. Hún kvaðst þekkja X og kvað það vera hann á myndbandinu sem sparkar. Tekin var skýrsla af D, starfsmanni [...]. Kvaðst hann hafa verið að vinna umrætt kvöld og taldi að um slys hefði verið að ræða.

Daginn eftir hafi hann farið að skoða upptök úr öryggismyndavélum og séð hvar manninum var sparkað niður tröppurnar. Kvaðst hann þekkja kærða á upptökunum en hann komi nokkuð reglulega á [...]. Tekin var skýrsla af vitninu E sem er starfsmaður á [...]. Greindi E frá því að hann hafi ekki verið við vinnu að kvöldi 29. október sl. Hann hafi mætt til vinnu daginn eftir og þá hafi D sýnt sér myndskleiðið þar sem brotaþola er sparkað niður tröppurnar. Kvaðst E þekkja geranda sem X en hann komi frekar oft á [...] og því þekki E hann.

Lögregla hefur aflað og farið í gegnum upptök úr öryggismyndavélum frá umræddu kvöldi. Ljóst er af þeim að kærði var staddur á [...] þetta kvöld, bæði fyrir og eftir að umrætt atvik átti sér stað. Þegar myndbönd af kærða inni á staðnum og myndbandið af stigapallinum eru borin saman telur lögregla hafið yfir vafa að um sama aðila er að ræða. Þá hefur lögregla tekið samanburðarmyndir af höfði kærða og borið saman við upptökuna af aðilanum sem sparkar brotaþola niður tröppurnar. Að mati lögreglu er um sama aðila að ræða en sjá má sömu klippingu, hárlit og hárlínu með áberandi [...]. Með vísan til þessa, framburða vitna sem þekkja til kærða og þekkja hann á upptökunni, þá telur lögregla ljóst að kærði er undir sterkum grun um tilraun til manndráps með því að hafa sparkað brotaþola niður 23 tröppur.

Fyrir liggja þrjú bráðabirgðalæknisvottorð. Ljóst er að brotaþoli hlaut alvarlega áverka af árásinni og þarf á endurhæfingu að halda.

Kærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald þann 30. október sl. með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli R-[...]/2022 til föstudagsins 4. nóvember sl. Var hann úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald með úrskurði sama dómstóls í máli nr. R-[...]/2022 til föstudagsins 11. nóvember 2022. Þann 11. nóvember 2022 var gæsluvarðhaldskröfu lögreglu hafnað með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. R-[...]/2022. Var úrskurðurinn kærður til Landsréttar og snúið við með úrskurði í máli nr. 696/2022 þann 15. nóvember sl. Í úrskurði Landsréttar var fallist á að sterkur grunur léki á að það sé kærði sem sést í fyrirliggjandi myndbandi sparka brotaþola niður tröppurnar og taldi Landsréttar jafnframt að ekki yrði annað ráðið af myndbandinu en að skýr ásetningur stæði til verksins. Var fallist á að gæsluvarðhald væri nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur nr. R-[...]/2022 7. desember 2022 var kærða gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi til dagsins í dag kl. 16:00 á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála.

Þann 13. desember sl. var málið sent héraðssaksóknara til ákvörðunar um saksókn. Eftir yfirferð ákæranda á málinu, á grundvelli 145. gr. laga um meðferð sakamála, var þess óskað þann 21. desember sl. að lögregla framkvæmdi frekari rannsókn, s.s. með því að reyna taka skýrslu af brotaþola, sem virðist byrjaður að geta tjáð sig, afla læknisfræðilegra gagna um hagi kærða, teikna upp og mynda anddyrið þar sem brotaþola var sparkað niður tröppurnar og reyna enn frekar að hafa uppi á tilteknu vitni sem virðist skv. myndbandsupptöku sjá vel umræddan atburð.

Stefnt er að því að ljúka ofangreindri framhaldsrannsókn og taka ákvörðun um saksókn innan þess tíma sem hér er krafist og ákvæði 4. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála áskilur.

Lagarök

Kærði er undir sterkum grun um tilraun til manndráps eða stórfellda líkamsárás. Verknaðurinn kann að varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en brot gegn ákvæðinu varðar allt að ævilöngu fangelsi. Þá kann verknaðurinn að varða við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sem varðar fangelsi allt að 16 árum.

Á því er byggt að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, með vísan til alvarleika brotsins. Óforsvaranlegt þykir að kærði gangi laus eins og sakir standa. Í dómaframkvæmd hefur verið lagt til grundvallar að ríkir almannahagsmunir standi til þess að menn sem sterklega eru grunaðir um alvarleg ofbeldisbrot gangi ekki lausir. Vísast í því sambandi meðal annars til dóms Hæstaréttar í máli nr. 774/2017 og úrskurða Landsréttar í málum nr. 716/2019 og 261/2022. Þykir brot kærða vera þess eðlis að það stríði

gegn réttarvitund almennings og sé til þess fallið að valda hneykslun að maður sem sterklega er grunaður um svo alvarleg brot gangi laus áður en málinu er lokið með dómi. Með vísan til framangreinds, framlagðra gagna, úrskurðar Landsréttar nr. 696/2022 og Héraðsdóms Reykjavíkur nr. R-[...]/2022 og 2. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 er þess krafist að krafan nái fram að ganga.

Niðurstaða

Eins og rakið er í greinargerð Héraðssaksóknara hefur kærði sætt gæsluvarðhaldi frá 30. október sl., grunaður um að hafa framið afbrot sem talið er varða við 211., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eða eftir atvikum 2. mgr. 218. gr. sömu laga. Hefur gæsluvarðhald kærða byggst á því að hann sé undir sterkum grun um að hafa framið afbrot sem geti varðað 10 ára fangelsi og að varðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008. Landsréttur hefur staðfest að skilyrðum ákvæðisins sé fullnægt, sbr. úrskurður réttarins í málinu nr. 696/2022 frá 15. nóvember sl. Ekkert er fram komið sem hnekkir þessu mati réttarins. Rannsókn málsins er langt komin og er gert ráð fyrir að tekin verði ákvörðun um saksókn innan þess tíma sem krafist er og áskilið er í 4. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið ber að fallast á kröfu Héraðssaksóknara eins og hún er sett fram. Ekki þykja ástæður til að marka gæsluvarðahaldinu skemmri tíma en krafist er. Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð

Varnaraðili, X, kt. [...], skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til föstudagsins 20. janúar 2023, kl. 16:00.